

Nr. 068 / 15 Blíðfari PH 250**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6100
Smíðaður: Kópavogur 1980, plast
Stærð: 3,28 brl. 4,11 bt.
Mesta lengd: 7,89 m Skráð lengd: 7,82 m
Breidd: 2,17 m Dýpt: 1,02 m
Vél: Bukh 26 kW,
Fjöldi skipverja: 2



Blíðfari©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. júní 2015 var Blíðfari PH 250 á siglingu frá Grenivík til Dalvíkur. Veður: Hægviðri.

Þegar báturinn var staddur austur af Árskógssandi varð hann vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Darri EA 75 dró Blíðfara til hafnar á Dalvík.

Við rannsókn kom fram:

- að gírinn, sem var af gerðinni PMR Delta, bilaði og var dæmdur ónýtur;
- að við skoðun kom í ljós að milliöxullinn hafði kubbast í sundur og diskasettið brunnið;
- að hætt var að framleiða þessa útfærslu af gírnum árið 1997.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins var bilun í gír.